



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 34. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

### KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 15. FUNDUR ÁRSINS

### VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 10. DESEMBER 2020

### KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU Á FLÚÐUM

Árið 2020, þann 10. desember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í ráðhúsinu á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

#### **Erindi til sveitarstjórnar:**

##### **1. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2020.**

Oddviti kynnti fjórða viðauka við fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps 2020. Gert er ráð fyrir að tekjur hækki um kr. 10.300.000 og útgjöld um kr. 5.750.000. Einnig er um að ræða færslu milli fjárfestingarverkefna með aukningu á fjárfestingu í gatnagerð. Skv. þessu er gert ráð fyrir að rekstrarhagnaður sveitarfélagsins verði eftir þessar breytingar kr. 42.100.000 í stað 37.589.000. Sveitarstjórn samþykkir fjórða viðauka við fjárhagsáætlun 2020.

##### **2. Gjaldskrá Hitaveitu Flúða 2021.**

Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir Hitaveitu Flúða. Gjaldskráin hækkar um 2,7%.

Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir hjá veitustjórn og samþykkt. Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.

##### **3. Gjaldskrá fyrir íþróttahús og sundlaug 2021.**

Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir sundlaug og íþróttahús. Þar er gert ráð fyrir að stök gjöld fullorðinna hækki um 5%, kort fyrir fullorðna hækki um 2,7% en gjöld fyrir börn hækki ekki. Aðrar hækkanir eru um 2,7% nema útseldar vörur úr sundlaug. Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir hjá lýðheilsu- og æskulýðsnefnd þar sem lagðar voru til ákveðnar breytingar á gjaldskrá. Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána með þeim breytingum að tekið er upp árskort í sund, tækja- og íþróttasal.

##### **4. Fundargerð oddvitanevndar UTU vegna seyruverkefnisins.**

Oddviti kynnti fundargerð oddvitanevndar UTU vegna seyruverkefnisins frá 26. nóvember s.l. Þar var rætt um drög að endurnýjun á samstarfsamningi, kostnaðarskiptingu, gjaldskrá Seyrustaða 2021, fjárhagsáætlun 2021 og skiptayfirlýsingu og lóðaleigusamning vegna Flatholts 2. Sveitarstjórn samþykkir tillögu að kostnaðarskiptingu fyrir árið 2020, gjaldskrá 2021, tillögu að fjárhagsáætlun 2021 og skiptayfirlýsingu og lóðaleigusamning vegna Flatholts 2.

##### **5. Gjaldskrá Seyrustaða 2021.**

Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir móttöku og hreinsun á seyru. Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir hjá oddvitanevnd UTU vegna seyruverkefnisins og samþykkt. Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.

##### **6. Skiptayfirlýsing og lóðaleigusamningur vegna Flatholts 2.**

Oddviti kynnti skiptayfirlýsingu og lóðaleigusamning vegna Flatholts 2 á Flúðum í Hrunamannahreppi. Sveitarstjórn samþykkir skiptayfirlýsinguna og lóðaleigusamninginn og felur sveitarstjóra að undirrita nauðsynleg skjöl.

##### **7. Gjaldskrá fráveitu 2021.**

Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir fráveitu. Gjaldskrá vegna fráveitu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði í þéttbýlinu á Flúðum verður óbreytt eða 0,15% af fasteignarmati en hámarksgjald íbúðarhúsnæðis hækkar í kr. 56.500 eða um 2,7%. Hámarksgjald á atvinnuhúsnæði hækkar í kr. 219.400 eða um 2,7%. Árlegt gjald fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa utan þéttbýlisins á Flúðum verður kr. 10.600 og hækkar um 7%. Heimædagjöld í þéttbýlinu á Flúðum hækka um 2,7%. Aðrar hækkanir nema 2,7%.

Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir hjá veitustjórn og samþykkt með athugasemd af hálfu D-lista. Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána með þeirri breytingu að árlegt gjald fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa hækkar í kr. 10.200.

**8. Barnvænt sveitarfélag: Tillaga að innleiðingu.**

Oddviti kynnti tillögu um að Hrunamannahreppur innleiði verkefnið Barnvænt sveitarfélag en UNICEF á Íslandi hefur haldið utan um slíka vinnu fyrir sveitarfélögin. Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu.

**9. Fjárhagsáætlun 2021-2024. (Seinni umræða)**

Lagt var fram minnisblað um breytingar á fjárhagsáætlun 2021-2024 milli 1. og 2. umræðu. Sveitarstjóri fór yfir breytingar á áætlun ársins 2021 sem snerta lítilega tekju- og gjaldaáætlun fjárhagsáætlunarinnar en þær leiða til þess að niðurstaða fjárhagsáætlunarinnar breytist milli umræðna. Aðal breytingin er sú að gert er ráð fyrir meiri tekjum úr Jöfnunarsjóði og veita fjármagni til innleiðingar á barnvænu sveitarfélagi.

Helstu niðurstöðutölur fyrir árið 2021 verða því þessar:

Rekstrarniðurstaða A hluta neikvæð um kr. 669.000.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta jákvæð um kr. 9.684.000.

Veltufé frá rekstri kr. 100.766.000.

Heildareignir A. hluta kr. 1.471.827.000.

Heildareignir A og B. hluta kr. 1.823.528.000.

Heildarskuldir og skuldbindingar A hluti kr. 751.788.000.

Heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta kr. 1.035.661.000.

Eigið fé A hluta kr. 720.039.000.

Eigið fé A og B hluta kr. 787.866.000.

Skuldahlutfall 88% af heildartekjum.

Gert er ráð fyrir nettófjárfestingum í eignasjóði að fjárhæð kr. 111,5 millj. í áætluninni, þar af kr. 25. millj. vegna menningarmála, kr. 82 millj. í umferðar- og samgöngumál og kr. 4,5 millj. vegna æskulýðs- og íþróttamála. Þá er gert ráð fyrir nettófjárfestingu í fráveitu að fjárhæð kr. 35 millj., í vatnsveitu kr. 76 millj., í hitaveitu kr. 112 millj. og í Hrunaljósi kr. 2. millj. Gert er ráð fyrir lántöku að fjárhæð kr. 260 millj. í áætluninni. Vísað er að öðru leyti til framlagðra gagna og samþykka frá 32. fundi sveitarstjórnar þann 5. nóvember s.l. og framlagðs minnisblaðs og annarra gagna um breytingar á fjárhagsáætlun.

Sveitarstjóri fór einnig yfir fjárhagsáætlun 2022-2024 en þar hafa ekki orðið breytingar á áætluninni milli umræðna en farið var yfir helstu forsendur hennar á síðasta fundi sveitarstjórnar þann 5. nóvember s.l. Vísað er til framlagðra gagna en þar er m.a. gert ráð fyrir svipuðum rekstri og í fjárhagsáætlun 2021 en dregið úr fjárfestingum.

Sveitarstjórn samþykkir þær breytingar sem hafa verið gerðar milli umræðna og samþykkir fjárhagsáætlun 2021-2024 samhljóða.

**10. Jafnlaunavottun.**

Oddviti kynnti úttektarskýrslu vegna jafnlaunavottunar í Hrunamannahreppi frá BSI á Íslandi. Sveitarfélagið stóðst jafnlaunavottun þar sem kynbundinn launamunur var 2,2% körlum í hag og enginn óútskýrður launamunur.

**11. Stytting vinnuvikunnar.**

Oddviti kynnti erindi frá forsvarsmönnum stéttarfélaganna um styttingu vinnuvikunnar. Sveitarstjóri fór yfir stöðuna varðandi vinnu við styttingu vinnuvikunnar. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og oddvita að undirrita f.h. sveitarstjórnar samninga um styttingu vinnuvikunnar.

**12. Minningarsjóður Krístrúnar Haraldsdóttur.**

Oddviti kynnti stöðu á Minningarsjóði Krístrúnar Haraldsdóttur sem stofnaður var 1928 til stuðnings Lestrarfélags Hrunasóknar sem nú er í höndum sveitarfélagsins vegna Bókasafns Hrunamanna. Lagt er fram minnisblað frá Ólafi Björnssyni hrl þar sem farið er yfir leiðir til að slíta sjóðnum og ráðstafa fjármunum í samræmi við anda hans. Sveitarstjórn samþykkir að slíta sjóðnum og að andvirði hans verði varið til Bókasafns Hrunamanna og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram.

**13. Krafa vegna greiðslu kostnaðar af gatnagerð í Högnastíg.**

Oddviti fór yfir stöðu málsins. Lagt var fram minnisblað frá Torfa Ragnari Sigurðssyni hrl um málið ásamt úrskurðum Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins frá 27. júní 2019 og 23. mars 2017. Á fundinn mætti Torfi Ragnar í fjarfundi og gerði grein fyrir stöðu málsins og minnisblaði hans.

Sveitarstjórn samþykkir að halda málinu áfram en vill áfram reyna að ná sátt í málinu.

**14. Hrunamannavegur 3: Eftirstöðvar gatnagerðargjalda.**

Oddviti kynnti málið. Lagt var fram minnisblað frá Torfa Ragnari Sigurðssyni hrl um málið. Á fundinn mætti Torfi Ragnar í fjarfundi og gerði grein fyrir stöðu málsins og minnisblaði hans. Sveitarstjórn felur oddvita og sveitarstjóra að ræða við eiganda Hrunamannavegar 3 um mögulegar útfærslur á lausn málsins og sátt milli aðila.

**15. Reglur um hvatagreiðslur til íþrótt-, lista- og tómstundaiðkunar: Breytingar.**

Oddviti lagði til breytingar á reglum um hvatagreiðslur fyrir börn í Hrunamannahreppi þar sem gert er ráð fyrir að tónlistarnám sem styrkt er af sveitarfélaginu falli undir hvatagreiðslur. Sveitarstjórn samþykkir breytingarnar á reglunum.

**16. Reglur um sérstakan íþrótt- og tómstundastyrk fyrir börn á tekjulágum heimilum skólaárið 2020-2021.**

Oddviti lagði fram tillögu að reglum um sérstakan íþrótt- og tómstundastyrk fyrir börn á tekjulágum heimilum skólaárið 2020-2021 fyrir Hrunamannahrepp. Sveitarstjórn samþykkir reglurnar.

**17. Íþrótt- og boltafélag Uppsveita: Beiðni um styrk til knattspyrnudeildar.**

Oddviti kynnti beiðni frá ÍBU (íþróttaboltafélag Uppsveita) um styrk vegna sameiginlegs knattspyrnuliðs sem keppir í nafni Uppsveita fyrir árið 2021. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja starfsemi ÍBU um kr. 200.000 og að félagið geti nýtt án endurgjalds knattspyrnuvöllinn á Flúðum og tengda aðstöðu enda er félagið ungt og ætlað sér að sinna barna- og unglingsstarfi. Styrkurinn bókast undir lið 0680. Jafnframt beinir sveitarstjórn því til ÍBU og knattspyrnudeildar UMFH/stjórnar UMFH að taka upp formlegt samstarf en sveitarfélagið er að styrkja UMFH vegna starfssemi félagsins og deilda þess. Sveitarstjórn óskar félaginu alls hins besta á komandi keppnistímabili.

**18. Stígamót: Styrkur.**

Oddviti kynnti bréf frá Stígamótum þar sem þau biðja um styrk fyrir reksturinn árið 2020. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 50.000 sem verði tekið af deild 0281.

**19. Byggðaráð Skagafjarðar. Áskorun á Reykjavíkurborg vegna jöfnunarsjóðs.**

Oddviti kynnti áskorun sem borist hefur frá Sveitarfélaginu Skagafirði á hendur Reykjavíkurborg vegna málshöfðunar borgarinnar á Jöfnunarsjóð. Sveitarstjórn tekur undir áskorun Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

**20. Stafrænt ráð sveitarfélaga: Þátttaka.**

Oddviti kynnti beiðni frá SASS og Sambandi íslenskra sveitarfélaga um þátttöku Hrunamannahrepps í stafrænu ráði sveitarfélaga. Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu og greiða kostnað vegna þess. Greitt er fyrir setu fulltrúa Hrunamannahrepps í ráðinu.

**21. Ásastígur 8a: Forkaupsréttur.**

Oddviti kynnti beiðni frá Gimli fasteignasölu þess efnis að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásastíg 8a, skv. lóðaleigusamningi vegna eignarinnar. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásastíg 8a, Flúðum í Hrunamannahreppi, fastanúmer 223-3808 skv. samþykktum kaupsamningi í eignina.

**22. Gröf lóð 4: Forkaupsréttur.**

Oddviti kynnti beiðni frá Lögmönnum Suðurlandi þess efnis að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að lóðinni Gröf lóð 4, skv. lóðaleigusamningi vegna eignarinnar. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum að lóðinni Gröf lóð 4, Flúðum í Hrunamannahreppi, fastanúmer 234-3069 skv. samþykktum kaupsamningi í eignina.

**23. Innri persónuverndarstefna Hrunamannahrepps.**

Oddviti kynnti drög að innri persónuverndarstefnu Hrunamannahrepps. Sveitarstjórn samþykkir innri persónuverndarstefnu fyrir Hrunamannahrepp.

**24. Deiliskipulagsvinna vegna Hlíðar.**

Oddviti kynnti minnisblað frá EFLU um stöðu á vinnu við gerð deiliskipulags vegna Hlíðar. Málið hefur reynst flókið en til að klára deiliskipulagsvinnuna þarf aukna fjármuni. Sveitarstjórn samþykkir að fjármagna aukakostnað að fjárhæð kr.

1.000.000 til að klára grunndeiliskipulagsvinnuna sem er ábyrgð sveitarfélagsins en landeigendur taki á sig aðra vinnu vegna málsins.

**25. Svæðisskipulag Suðurlandis.**

Oddviti kynnti vinnu sem unnin hefur verið af hálfu SASS við gerð svæðisskipulag Suðurlandis og næstu skref. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að unnið verði áfram að gerð svæðisskipulags fyrir Suðurlandið og tillögu að skiptingu kostnaðar. Þá samþykkir sveitarstjórn framlagðar starfsreglur og að EFLA leiði skipulagsvinnuna áfram. Sveitarstjórn skipar Halldóru Hjörleifsdóttur og Jón Bjarnason í starfshópinn og til vara Sigurð Sigurjónsson og Bjarneyju Vignisdóttur. Greitt er fyrir setu fulltrúa Hrunamannahrepps í vinnuhópnum.

**26. Skipulagsstofnun: Tillaga að viðauka við landsskipulagsstefnu 2015-2026.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni Skipulagsstofnunar um drög að viðauka við landsskipulagsstefnu 2015-2026. Sveitarstjórn vísar málinu til umfjöllunar í skipulagsnefnd og kynningar í landbúnaðar- og umhverfisnefnd.

**27. Samtök ferðapjónustunnar: Miðlandisþjóðgarður.**

Oddviti kynnti erindi frá Samtökum ferðapjónustunnar þar sem þau biðja um skoðun sveitarfélaga sem eiga land að fyrirhuguðum þjóðgarði varðandi sýn þeirra á þjóðgarðinn. Afstaða sveitarstjórnarfulltrúa í Hrunamannahreppi er misjöfn og sjónarmið þeirra fulltrúa sem sitja í sveitarstjórn eru eftirfarandi:

Afstaða Sigurðar Sigurjónssonar, Bjarneyjar Vignisdóttur og Jóns Bjarnasonar sveitarstjórnarfulltrúa í Hrunamannahreppi og þar með meirihluti sveitastjórnar um frumvarp Umhverfisráðherra um stofnun Hálandisþjóðgarðs. Afstaða okkar er skýr, við leggjumst gegn frumvarpi umhverfisráðherra um Hálandisþjóðgarð. Skipulagsskylda hálandisins er í höndum sveitarfélaga og farið eftir skipulagsglögum, þjóðlendulögum og landskipulagsstefnu við gerð aðalskipulags og svæðisskipulaga ef þau eru fyrir hendi. Árið 1998 voru sett lög um þjóðlendir sem er samstarf forsætisráðuneytis og sveitarfélaga. Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar sem og forsætisráðuneytisins. Nú ríkir loksins orðið sátt með þetta fyrirkomulag og því einfaldlega rangt að halda því fram að á svæðinu ríki reiðuleysi eða meingölluð stjórnarsýsla.

Málið hefur ekki unnist með réttum hætti og alls ekki í sátt við sveitarfélög og alla þá fjölmörgu hópa sem sýnt hafa hálandinu áhuga með viðkomu, uppbyggingu, eða allri þeirri starfsemi sem nú er viðhöfð. Að vinna eigi málið á þessum hraða í gegnum þing og þjóð þegar málið hefur aldrei fengið þinglega meðferð og því hefur Alþingi aldrei lagt línurnar um hvernig fyrirhugaður þjóðgarður ætti að taka mið af. Í raun var settur saman hópur sem átti að meta og greina tækifæri í fyrirhuguðum þjóðgarði. Ekki hverjir ókostirnir væru, ekki hvað mun glatast eingöngu tækifærin. Ráðherra hefur vissulega fundað með fulltrúum sveitarfélaga en lítið sem ekkert hlustað á athugasemdir þeirra. Það samráð sem ráðherra hefur sýnt við málið hefur því mistekist og því miður hefur ráðherra aukið ágreining milli aðila. Hraði málsins og aðferðafræði við málið á vegum hins opinbera er fordæmalaus.

Mikið hefur ráðherrann talað um að komið hafi á móts við sveitarfélög hvað varðar skipulagsskylduna, rétt er að breyting hefur orðið á hvað varðar stjórnunar og verndaráætlanir og eru þær ekki bindandi fyrir sveitarfélög eins og var í upphaflegu frumvarpi. Hins vegar er 16. grein fyrirbyggjandi frumvarps nokkuð augljós hvað þetta varðar. Í henni stendur um réttaráhrif stjórnunar og verndaráætlana að ráðherra sé heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um réttaráhrif stjórnunar og verndaráætlanna. Einnig kemur fram að mannvirkjagerð eða hverskonar jarðrask innan Hálandisþjóðgarðs er bannað ef ekki er gert ráð fyrir þeim í stjórnunar og verndaráætlunum. Ef lítið er á 17. grein laganna þá er óhjákvæmilegt fyrir sveitarfélagið að ráðast í framkvæmdir sem ekki er gert ráð fyrir í stjórnunar- og verndaráætlun. Með öðrum orðum má sveitarfélagið ekki gera neitt sem umdæmisráði í þjóðgarðinum hugnast ekki, reyndar miðað við þá stjórnsýslu sem lagt er upp með getur stjórn garðsins breytt áætlunum umdæmisráða og síðast en ekki síst getur ráðherra breytt áætlunum stjórnar þjóðgarðsins.

Við umfjöllun málsins hefur oft verið rætt um gestastofur og störf í dreifbýli, ekkert er því til fyrirstöðu í núverandi stjórnsýslu að byggja gestastofur og ráða

fólk á svæðið án tilkomu þjóðgarðs. Þá í samráði og sátt viðkomandi sveitarfélags eða einkaaðila. Við bendum á Gullfosskaffi þar sem einkaaðili rekur í raun gestastofu með myndarlegum hætti og skilar arði til samfélagsins í formi skatta. Engin greining um náttúrverndargildi eða heildarhagsmunum svæðisins hefur verið gerð t.d. mat á hagsmunum þeirra sem nýta svæðið eða þeim sem munu hugsanlega nýta svæðið í framtíðinni. Þeirri spurningu um hvað sé að núverandi kerfi hefur ekki verið svarað. Margt þarf að skoða þegar svo stór ákvörðun eins og stofnun Miðhálandisþjóðgarðs er tekin enda um að ræða framtíð um 40% af landinu.

Ef frumvarpið nær fram að ganga mun það hafa neikvæð áhrif að okkar mati á kraft og dugnað þeirra hópa sem hafa með myndarlegum hætti gert kraftaverk í þágu svæðisins t.d. með landgræðslu, uppbyggingu vega og húsa ásamt því að varðveita sögu hálandisins. Það mun að öllum líkindum gerast með flóknari stjórnarsýslu. En þetta atriði er eitt af þeim fjölmörgu sem ekki hefur verið metið. Við sem kjörnir fulltrúar sveitarfélagsins getum ekki sæst á það að færa frá okkur þá skipulagsskyldu sem við höfum sannarlega sinnt inn á afrétti okkar til frjálsra félagasamtaka og embættismanna. Samstarf milli félagasamtaka og sveitarfélagsins hefur verið virkilega gott og oft á tíðum fulltrúar félagasamtaka sem sitja í stjórnnum og ráðum sveitarfélaga með lýðræðislegum hætti. Við teljum að framkomið frumvarp um Hálandisþjóðgarð taki ekki tillit til stjórnarskrárvarinna réttinda sveitarfélaga. Meirihluti sveitarstjórnar Hrunamannahrepps í þessu máli skorar á önnur sveitarfélög í landinu að gera slíkt hið sama og sýna þannig samstöðu í að standa vörð um sveitarstjórnarstigið og lýðræðislegan rétt íbúa til að hafa áhrif á ákvörðunartöku er varðar nærumhverfi þeirra.

Það hefur sýnt sig að miklir annmarkar eru á starfsemi Vatnajökulsþjóðgarðs og virðist vera að ríkinu gangi illa að reka þann garð. Núna lítur út fyrir að sú starfsemi sé í miklum rekstrarvanda og því ekkert fengið með að flýta sér í enn stærri garð þegar sá sem fyrir er hefur meira og minna verið í erfiðleikum í rekstri og ekki gengið sem skyldi. Við teljum að vinna við svona stórt mál þurfi lengri tíma og vinnast í miklu meiri sátt við sveitarfélögin og þá hópa samfélagsins sem hafa mikið til málanna að leggja. Við bendum svo á að í 1 gr. laga um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er kveðið á um að leita skal samþykkis viðkomandi sveitarstjórnar fyrir friðlýsingu landsvæðis í sveitarfélaginu. Þetta er hvergi að finna í lögum um fyrirhugaðan Hálandisþjóðgarð. Stofnun þjóðgarðs á hálandi Íslands á alls ekki að vera lögbvinguð aðgerð.

Við óskum eftir því að vera upplýst um öll þau mál sem koma inn á borð oddvita og sveitarstjóra Hrunamannahrepps um fyrirhugaðan Hálandisþjóðgarð, einnig alla þá fundi sem haldnir eru um málið sem og þátttöku á þeim fundum. Það sé mikilvægt að tryggja það að afstaða sveitarfélagsins sé virt og þær athugasemdir sem við höfum um fyrirhugaðan þjóðgarð komi fram. Við felum sveitastjóra að senda þessa bókun á Umhverfisstofnun og á öll aðliggjandi sveitarfélög fyrirhugaðs Hálandisþjóðgarðs.

Afstaða Halldóru Hjörleifsdóttur og Kolbrúnar Haraldsdóttur er eftirfarandi:

Við erum hlyntar Hálandisþjóðgarði á grundvelli eftirtöldum rökum:

Við teljum mikil tækifæri fólgin í stofnun Hálandisþjóðgarðs. Það myndi styrkja hinar dreifðari sveitir landsins og aukin atvinnutækifæri með tilheyrandi jákvæðum áhrifum inn í samfélögin. Verkefninu myndi fylgja aukin náttúruvernd og umsjón með viðkvæmum svæðum, uppbygging innviða og stýring á álagi. Við teljum að stofnun Hálandisþjóðgarðs útiloki ekki þá vinnu sem mörg sveitarfélög hafa unnið á hálandinu, heldur myndi efla þá vinnu enn frekar. Miklar endurbætur hafa verið gerðar á frumvarpi um Hálandisþjóðgarð síðan það kom fyrst fram í kjölfar samtals milli umhverfisstofnunar og sveitarfélaga. Að nokkru hefur verið komið á mótis við athugasemdir sveitarfélaga m.a. að skipulagsmálin verði áfram í þeirra höndum og hefur það að okkar mati fengið góða lendingu í frumvarpinu. Við teljum að með stofnun Hálandisþjóðgarðs sé náttúrunni best borgið á heildina litið þar sem skapast yfirsýn og samræming á verkferlum og vinnubrögðum hringinn í kringum landið. Að okkar mati eru hér tækifæri fólgin, bæði hvað varðar verndun og nýtingu hálandisins, en mikilvægt er að ríki, sveitarfélög og hagaðilar þurfa að taka ákvarðanir út frá heildinni en ekki eingöngu eigin hagsmunum.

Við viljum hvetja til málefnalegrar umræðu og samtals um þetta stóra málefni sem varðar bæði okkur og kynslóðir framtíðar með það að leiðarljósi að ná sem mestri sátt. Við felum sveitastjóra að senda þessa bókun á Umhverfissráðuneyti og á öll aðliggjandi sveitarfélög fyrirhugaðs Hálandisþjóðgarðs.

Oddviti vill að það komi fram að sveitarstjórn mun hér eftir sem hingað til vera upplýst um fundi sem haldnir verða um málefnið.

**28. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingar á lögum um náttúruvernd.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingar á lögum um náttúruvernd. Sveitarstjórn vísar málinu til umhverfisnefndar.

**29. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum.

**30. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

**31. Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu sveitarfélaga vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um tillögur til þingsályktunar um aðgerðir í þágu sveitarfélaga vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.

**32. Alþingis- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um menntastefnu.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Alþingis- og menntamálanefnd Alþingis um tillögur til þingsályktunar um menntastefnu. Sveitarstjórn vísar málinu til skólanefndar.

**33. Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um opinberan stuðning við nýsköpun.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Atvinnuveganefnd Alþingis um frumvarp til laga um opinberan stuðning við nýsköpun.

**34. Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um Tækniþróunarsjóð.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Atvinnuveganefnd Alþingis um frumvarp til laga um Tækniþróunarsjóð.

**35. Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um fiskeldi.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Atvinnuveganefnd Alþingis um frumvarp til laga um fiskeldi.

**36. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um félagsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um tillögur til þingsályktunar um félagsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum. Sveitarstjórn vísar málinu til skólanefndar.

**37. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um skákkennslu í grunnskólum.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um tillögur til þingsályktunar um skákkennslu í grunnskólum. Sveitarstjórn vísar málinu til skólanefndar.

**38. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingar á lögum um skráningu einstaklinga (sveitarfélag fyrsta lögheimilis).**

Oddviti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um skráningu einstaklinga (sveitarfélag fyrsta lögheimilis).

**39. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögur til þingsályktunar um mótun heildstæðrar stefnu um afreksfólk í íþróttum.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um tillögur til þingsályktunar um mótun heildstæðrar stefnu um afreksfólk í íþróttum.

40. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um orlofshúsnæði örorkulífeyrisþega.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um tillögur til þingsályktunar um orlofshúsnæði örorkulífeyrisþega.
41. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um tillögur til þingsályktunar um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum.
42. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof.
43. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um bætta stjórnáætlun í umgengismálum.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um tillögur til þingsályktunar um bætta stjórnáætlun í umgengismálum.
44. **Næsti fundur sveitarstjórnar.**  
Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði fimmtudaginn 14. janúar nk. kl. 14:00 í ráðhúsinu á Flúðum.

**Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

45. **Ungmennaráð Hrunamannahrepps 2020-2021. Fundargerð 2. fundar frá 20. nóvember s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 2. fundar ungmennaráðs Hrunamannahrepps. Þar var fjallað um fjárhagsáætlun og fjárfestingaráætlun 2021, hringtorg og deiliskipulag á skólalóð. Þá var rætt um notkunarmöguleika á hæð fyrir ofan tækjageymslu í íþróttahúsi og tilfærslu á Öldu aldanna. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
46. **Öldungaráð Hrunamannahrepps: Fundargerð 21. fundar frá 17. nóvember s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 21. fundar öldungaráðs. Farið var yfir stöðu mála og svar sveitarstjóra, fund með fulltrúa félagsþjónustunnar og kynnt fundargerð frá Landssambandi eldri borgara. Rætt um jólahlaðborð, erindisbréf fyrir öldungaráð Borgarbyggðar og eldri borgara af erlendum uppruna. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
47. **Vinnuhópur um könnun á byggingu hjúkrunarheimilis: Fundargerð 8. fundar frá 19. nóvember s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð vinnuhópsins frá 19. nóvember s.l. Þar var fjallað um svör við bréfi sem sent var á allar sveitarstjórnir nágrannasveitarfélaganna og viðbrögð þeirra. Þá var rætt um skil lokaskýrslu sem myndi leiða til starfsloka vinnuhópsins.  
Lögð er fram lokaskýrsla vinnuhóps um könnun á uppbyggingu hjúkrunarheimilis. Sveitarstjórn þakkar vinnuhópnum fyrir góð störf og samþykkir að fela oddvita að senda erindi til þeirra sveitarfélaga sem sýndu áhuga á að vinna að framgangi málsins þar sem óskað er eftir að stofnaður verði sameiginlegur vinnuhópur milli sveitarfélaganna um verkefnið.
48. **Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 13. fundar frá 2. desember s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 13. fundar nefndarinnar frá 2. desember. Rætt var um kynningu Eyrúnar arkitekts vegna greiningar á húsnæðismálum íþróttahúss og skóla. Þá voru lagðar fram nokkar hugmyndir að útfærslum að opnunartíma sundlaugar. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og umsjónarmanni íþróttamannvirkja að fara yfir tillögur að opnunartíma sundlaugar en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:**

49. **Fundargerð 206. fundar skipulagsnefndar frá 25. nóvember og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 18. nóvember s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 206. fundar skipulagsnefndar frá 25. nóvember og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 18. nóvember s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

**Mál nr. 11. Syðra-Langholt: Deiliskipulag.**

Lagt er fram nýtt deiliskipulag í landi Syðra-Langholts 6 eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarheimilda innan lóðar þar sem m.a. er gert ráð fyrir sambyggðri reiðskemmu og hesthúsi, heimild fyrir bílskúr við núverandi íbúðarhús auk heimilda fyrir allt að 5 litlum gistihýsum auk þjónustuhúss og skemmu. Breytingar hafa verið gerðar á deiliskipulaginu eftir auglýsingu. Í breytingum felst að umfang svæðisins minnkar og tekur nú eingöngu til þess svæðis sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir innan. Umsögn og athugasemdir bárust frá Minjastofnun Íslands.

Þar sem ekki hafa borist uppfærð gögn m.t.t. athugasemda Minjastofnunar frestar skipulagsnefnd UTU afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að fresta málinu þar til hafa borist uppfærð gögn m.t.t. athugasemda Minjastofnunar.

**Mál nr. 17. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. nóvember s.l.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. nóvember.

**50. Fundargerð 207. fundar skipulagsnefndar frá 9. desember og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. desember s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 207. fundar skipulagsnefndar frá 9. desember og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. desember s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

**Mál nr. 19. Syðra-Langholt: Deiliskipulag.**

Lagt er fram nýtt deiliskipulag í landi Syðra-Langholts 6 eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarheimilda innan lóðar þar sem m.a. er gert ráð fyrir sambyggðri reiðskemmu og hesthúsi, heimild fyrir bílskúr við núverandi íbúðarhús auk heimilda fyrir allt að 5 litlum gistihýsum auk þjónustuhúss og skemmu. Breytingar hafa verið gerðar á deiliskipulaginu eftir auglýsingu. Í breytingum felst að umfang svæðisins minnkar og tekur nú eingöngu til þess svæðis sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir innan. Umsögn og athugasemdir bárust frá Minjastofnun Íslands.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Brugðist hefur verið við athugasemdum og umsögnum sem bárust vegna málsins. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Brugðist hefur verið við athugasemdum og umsögnum sem bárust vegna málsins. Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Mál nr. 20. Holt, Unnarholt land: Deiliskipulag.**

Lögð er fram umsókn frá Guðmundi Traustasyni og Maríu I. Gunnbjörnsdóttur er varðar nýtt deiliskipulag að Holti L192736 í Hrunamannahreppi. Í deiliskipulaginu felst skilgreining fjögurra byggingarreita, þriggja fyrir íbúðarhús og eins fyrir útihús.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja deiliskipulagstillögu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagstillögu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Mál nr. 21. Haukholt 1: Brúarhlöð, stofnun lóða.**

Lögð er fram umsókn Magnúsar og Þorsteins Loftssona, dags. 22. apríl 2020, um stofnun nýrrar landeignar úr jörðinni Haukholt 1 L166757. Um er að ræða 40,9 ha land sem óskað er eftir að fái staðfangið Brúarhlöð sem er í samræmi við samþykktu skipulagslýsingu fyrir svæði innan landsins sem er í kynningu. Aðkoma er um Skeiða- og Hrunamannaveg (30) og kvöð er um aðkomu, sem fer í gegnum landið, að sumarbústaðalóðum sem liggja upp að landinu. Samhliða er óskað eftir staðfestingu á afmörkun lóðarinnar L166918 skv. meðfylgjandi lóðablaði og breytingu á staðfangi hennar úr Haukholt í Stóragil sem er, skv.



umsókn dags. 27. nóvember 2020, staðsett í gilkvos á milli klettabrúna og hefur þetta heiti verið notað um staðinn frá byggingu sumarhúss og er sagt vera gamalt örnefni. Ekki er fyrirhugað að fjölga sumarhúsalóðum við sama aðkomuveg. Lóðin er óstaðfest í þinglýsingabók en unnið verður að því samhliða að fá hana staðfesta. Lóðin er skv. hnitsetningu 2.500 fm og er í samræmi við skráningu í fasteignaskrá.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun landeignarinnar né afmörkun L166918 eða heitið Stóragil skv. fyrirbyggjandi umsóknum. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki fyrirbyggjandi umsóknir með fyrirvara um samþykki landeigenda fyrir aðkomu að aðbyggjandi sumarbústaðalóðum og samþykki lóðarhafa aðbyggjandi lóða á hnitsetningu lóðamarka.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun landeignarinnar Brúarhlaða og afmörkun L166918 og heitið Stóragil skv. fyrirbyggjandi umsóknum með fyrirvara um samþykki landeigenda fyrir aðkomu að aðbyggjandi sumarbústaðalóðum og samþykki lóðarhafa aðbyggjandi lóða á hnitsetningu lóðamarka. Þá gerir sveitarstjórn ekki athugasemdir við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga.

**Mál nr. 22. Efra-Langholt: Stækkun frístundasvæðis. Aðalskipulagsbreyting.**

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar vegna Efra-Langholts í Hrunamannahreppi. Athugasemdir bárust frá Skipulagsstofnun vegna beiðni um gildistöku breytingarinnar í samræmi við 32. gr. skipulagslaga. Í athugasemdinni fólst m.a. að breytingin væri ekki í takt við megináherslur aðalskipulags er varðar varðveislu góðs landbúnaðarlands. Lögð er fram umsögn og mat á viðkomandi landi með tilliti til flokkunar landbúnaðarlands eftir mikilvægi sem unnið var að RML ásamt uppfærðri greinargerð tillögu aðalskipulagsbreytingarinnar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki breytinguna og að skipulagsfulltrúa verði falið að senda Skipulagsstofnun tillöguna til lokaafgreiðslu í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Nefndin telur að brugðist hafi verið við athugasemdum Skipulagsstofnunar á fullnægjandi hátt innan greinargerðar aðalskipulagsbreytingar og innan mats RML á flokkun landbúnaðarlands.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og telur að brugðist hafi verið við athugasemdum Skipulagsstofnunar á fullnægjandi hátt innan greinargerðar aðalskipulagsbreytingar og innan mats RML á flokkun landbúnaðarlands. Sveitarstjórn samþykkir aðalskipulagsbreytinguna og að skipulagsfulltrúa verði falið að senda Skipulagsstofnun tillöguna til lokaafgreiðslu í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr.123/2010.

**Mál nr. 25. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. desember s.l.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. desember.

**51. UTU bs.: Fundargerð 81. fundar stjórnar UTU bs. frá 26. nóvember s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 81. fundar stjórnar UTU bs. Þar var fjallað um samning við Héraðsskjalasafn Árnessýslu, ársfund, samþykktir, fjárhagsáætlun 2021 og húsnæðismál UTU. Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

**52. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshöfna: Fundargerð frá 3. desember s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 46. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar. Þar var m.a. fjallað um trúnaðarmál, farið yfir stöðuna í þjónustunni á tímum Covid-19 og leyfi til daggæslu. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

**a. SASS: Fundargerð 563. fundar stjórnar frá 28. október s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**b. SASS: Fundargerð 564. fundar stjórnar frá 6. nóvember s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**c. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 208. fundar stjórnar frá 13. nóvember s.l.**

Lagt fram til kynningar.

- d. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Fundargerð aðalfundar þann 30. október s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- e. Héraðsnefnd Árnesinga b.s: Fundargerð haustfundar 12. nóvember s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- f. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 297. fundar stjórnar frá 30. október s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- g. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 298. fundar stjórnar frá 24. nóvember s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- h. Sorpstöð Suðurlands: Aðalfundargerð frá 30. október s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- i. Almannaþing Árnessýslu: Fundargerð 6. fundar frá 6. nóvember s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- j. Bergrísinn bs. Fundargerð aðalfundar þann 25. nóvember s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- k. BÁ: Fundargerð 13. fundar stjórnar frá 26. nóvember s.l.**  
Lagt fram til kynningar.

**Kynningarmál:**

- l. Hagstofa Íslands: Mann- og húsnæðistal.**  
Lagt fram til kynningar.
- m. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 891. fundar stjórnar frá 30. október s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- n. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð aðalfundar frá 5. nóvember s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- o. Persónuvernd: Ársskýrsla.**  
Lagt fram til kynningar.
- p. Skipulagsstofnun: Tafir á afgreiðslu stofnunarinnar vegna deiliskipulagstillagna fjallaskála.**  
Lagt fram til kynningar.
- q. Samráðsnefnd Kerlingarfjalla: Fundargerð 1. fundar frá 24. nóvember s.l.**  
Lagt fram til kynningar.

**Fundir framundan:**

- r. Aðalfundur UTU bs. 11. desember n.k.**  
Lagt fram til kynningar.
- s. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 18. des. n.k. með fjarfundi.**  
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:45.